

Reglur um liðveislu. Hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

I. kafli Markmið, hlutverk og skipulag liðveislu

1. gr.

Markmið liðveislu er að efla þjónustunotanda til sjálfshjálpar, veita persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta útiveru, menningar og félagslífs.

2. gr.

Rétt til liðveislu á sá sem býr utan stofnunar, er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjónskerðingu og heyrnarskerðingu.

Liggja skal fyrir greining frá Greiningarstöð ríkisins, Svæðisskrifstofu fatlaðra, geðlæknum eða öðrum sérfræðingum eftir því sem við á.

II. kafli Ákvarðanataka

3. gr.

Félagsmálastjóri hefur í umboði félagsmálanefndar heimild til að taka ákvörðun um liðveislu skv. reglum þessum, enda liggja fyrir útgjaldaheimild í fjárhagsáætlun viðkomandi sveitarfélags.

Félagsmálanefnd skal með jöfnu millibili fá upplýsingar um fjölda notenda og annað er máli kann að skipta við framkvæmd liðveislunnar.

III. kafli Framkvæmd þjónustunnar

4. gr.

Umsóknir um liðveislu skulu berast til félagsmálastjóra, undirritaðar af umsækjanda sjálfum, forsjáraðila hans eða talsmanni. Greining á fötlun skal liggja fyrir sbr. 2. gr.

5. gr.

Félagsmálastjóri metur þörf á liðveislu á grundvelli umsóknar. Liðveisla samkvæmt reglum þessum er tvenns konar:

- Liðveisla allt að 20 tímum á mánuði veitt einstaklingum með mikla fötlun þannig að þeir eru alfarið háðir hjálp annarra.
- Liðveisla allt að 10 tímum á mánuði veitt einstaklingum með minni fötlun.

Við sérstakar aðstæður og að fengnu samþykki félagsmálanefndar er heimilt að veita liðveislu umfram það sem reglur þessar kveða á um.

6. gr.

Samþykktir um liðveislu skulu vera tímabundnar. Fyrsta samþykkt skal að jafnaði vera til þriggja mánaða. Þá skal meta umsóknina að nýju og framlengja ef ástæða þykir til. Endurnýjaðar samþykktir skulu að hámarki vera til eins árs.

7. gr.

Liðveitendur taka laun sín frá sveitarfélagi notenda og gilda þar launakjör skv. samningi viðkomandi sveitarfélags. Liðveitendum er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þeim er njóta liðveislu eða forráðamönnum þeirra.

8. gr.

Liðveitendur eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir verða vísir um í starfi sínu um einkamál manna og heimilishagi og helst þagnarskyldan þó viðkomandi láti af störfum.

9. gr.

Liðveitandi skal skila inn greinargerð um starf sitt ásamt tíma- og akstursskýrslu á tímabilinu 16. - 22. hvers mánaðar. Tímaskýrslur skulu staðfestar af þeim sem nýtur liðveislunnar, forráðamönnum eða talsmönnum, nema annað sé ákveðið.

Liðveitendur skulu einnig skila inn reikningsyfirliti ásamt fylgiskjölum eða kvittunum vegna útgjalda. Til útgjalda telst kostnaður liðveitenda vegna liðveislunnar, s.s. vegna bíó- eða leikhúsferða.

10. gr.

Útlögðum kostnaði skal halda innan hóflegra marka. Ekki verður greidd hærri upphæð í kostnað fyrir liðveitanda pr. mánuð en kr. 4.000.- Þjónustuþegi greiðir sjálfur fyrir sinn kostnað. Akstur er að hámarki greiddur sem nemur 140 km á mánuði.

11. gr.

Fyrir liðveislu skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur að fengnum tillögum félagsmálanefndar.

IV. kafli Meðferð, málskotsréttur umsækjenda og gildistími reglna

12. gr.

Sé beiðni um liðveislu hafnað skal umsækjandi fá skriflegar upplýsingar þar sem forsendur synjunarinnar eru rökstuddar.

13. gr.

Umsækjandi um liðveislu getur áfrýjað ákvörðun um höfnun umsóknar til félagsmálanefndar. Skal það gert skriflega innan 4ra vikna. Ákvörðun félagsmálanefndar má áfrýja til Úrskurðarnefndar félagsþjónustu sbr. 64. gr. laga nr. 40/1991.

14. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og öðlast þegar gildi.